

Jólafundur 2020

Fundargerð fimmtudaginn 30. desember 2020 kl. 14:00

Mætti voru 40 félagsmenn.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra,
2. Ávarp formanns,
3. Kjaramál fiskimanna
4. Siglingamál, menntun og réttindi
5. Kjaramál annarra starfsstétta
6. Innri mál, hvað á döfinni
7. Önnur mál.

Árni Bjarnason formaður FS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fjarfund FS og lagði til að Árni Sverrisson yrði fundarstjóri og Páll Ægir Pétursson fundarritari. Það var samþykkt.

Liður 1. Fundarstjóri tók við fundarstjórn þakkaði traustið og fór yfir helstu atriði varðandi fjarfundi, hvernig menn biðja um orðið, hafa slökkt á hljóðnema og fór yfir dagskrá fundarins, síðan var gengið til dagskrár og gaf fundarstjóri formanni orðið.

Liður 2. ÁB minntist á afleiðingar Covid faraldursins og með hvað hætti heimsfaraldurinn hafi breytt samskiptaformi fólks sem sitja þarf fundi frá degi til dags starfs síns vegna. Þrátt fyrir að fjarfundarformið sé komið til að vera og verður væntanlega notað í auknum mæli, þá verður hefðbundið fundarform áfram við lýði eins og verið hefur í gegnum tíðina en væntanlega verða aðal – og jólafundum félagsins streymt til þeirra sem ekki komast á fundina en geta þá tekið þátt heiman að frá sér eða út á sjó.

Liður 3. ÁB sagði frá því að endurnýjaðir hafi verið allir kjarasamningar skipstjórnarmanna nema fiskimanna auk samnings við Landsamband smábátaeigenda sem verið hefur í hnút frá 2017. Fljótlega eftir áramót verður mál Sjómannasambands Íslands gegn SFS tekið fyrir í Félagsdómi en um er að ræða ákvæði sem var hluti af síðasta kjarasamningi þar sem gengið var út frá því að skiptaprósentan skildi hækka um 0,5%, úr 70 í 70,5% og haldast þannig þar til samkomulag næðist um bókanir sem ósamið var um í síðustu kjarasamningum. Þessu ákvæði var breytt einhliða á nokkurra raka, því vilja samtök sjómanna ekki una og vilja að málinu verði vísað til Félagsdóms áður en lengra er haldið. Búast má við að málinu verði vísað til sáttasemjara. Annað stórt mál sem er óleyst og varðar bókun síðasta samningis snýr að veikindarétti í skiptimannakerfi.

Einnig nefndi ÁB kröfu fiskimanna um að þeir nytu sömu réttinda og aðrar stéttir er varðar framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð, í dag greiða útgerðir 8% en kröfurnar eru 11,5%. Þeim hefur hins vegar verið mætt með gagnkröfu SFS um að sjómenn taki þátt í veiðigjöldum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að flokka skip eftir lengd en ekki brúttórúmllestum enda fjölgar sífellt nýjum skipum í flotanum sem eru mæld með þeim hætti.

Almennur vilji stéttarfélaganna er að breyta uppgjorsreglum með þeim hætti að gert verði upp miðað við 100% en ekki 70/30% eins og nú er gert, einnig er farið fram á að kauptrygging hækki til samræmis við lífsskjarasamninga.

Verðmyndunarmál á fiski verður eitt af stóru málunum í komandi kjarasamningum. Umtalsverð aukning hefur orðið á svo kölluðum beinum viðskiptum í gegnum fiskmarkaði þar sem fiskurinn er ekki boðinn upp með hefðbundnum hætti, fjársterkir aðilar hafa stóraukið umsvif sín á mörkuðum með því að kaupa óunninn fisk á hærra verði en vinnslan í landi ræður við. Samkvæmt upplýsingum er hér um að ræða 40% af heildarafla. Þetta hefur áhrif á alla eðlilega verðmyndun, Þessi framgangsmáti er með öllu óásættanlegur því fiskurinn sem seldur er án uppboðs eða í beinum viðskiptum er yfirleitt á hærra verði en uppboðsverð.

Að lokum fjallaði ÁB stuttlega um nýsmíðaálagið sem leitt hefur til fækkunar í áhöfn og nefndi í því sambandi að breyta verði viðmiðinu úr aflahlut í aflaverðmæti á úthaldsdag. Nýsmíðaákvæðið hefur leitt af sér óraunhæfa fækkun sem er í andstöðu við markmið ákvæðisins þar sem gengið er út frá eðlilegri lágmarksmönnun á fiskiskipum. Vinnuframlag þeirra sem vantar upp á fulla mönnun hefur verið yfirfært yfir á aðra áhafnameðlimi og er það bein afleiðing af nýsmíðaálaginu.

Liður 4. Páll Ægir Pétursson fjallaði um siglingamál, menntun og réttindi skipstjórnarmanna.

Starfsgreinaráðs sjávarútvegsins, skipun þess af menntamálaráðherra og hlutverk í menntakerfinu. Unnið er að innleiðingu og mótun rafrænnar ferilbókar og væntanlegri tengingu hennar við Innu – upplýsingakerfi fyrir fjölbreytta skólastarfsemi og utanumhald allra þátta náms hjá nemendum s.s. einkunnir, ástundun, námsferil, mætingu o.s.frv. Vinnu við mótun ferilbókarinnar er ekki lokið en starfsgreinaráðið er um þessar mundir að vinna að mótun hennar fyrir skipstjórnarfagið. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi – sfs hefur samið við útgerðir um að taka nema um borð í skipin og hafa flestar stætti útgerðir tekið mjög jákvætt í það. Hugmyndin er að taka nemendur eftir nám eða jafnvel meðan á námi stendur og telst sú viðvera eða þjálfun sem hluti af siglingatíma til réttinda. Tækniskólinn mun taka þá umsjónaraðila – skipstjóra og stýrimenn sem taka að sér vinnustaðanám eða þjálfun um borð á námskeið sem ráðgert er að taki einn til tvo daga. Þar verða kynnt fyrir þeim hlutverk þeirra, reglur varðandi vinnustaðanám og annað sem þeir þurfa að vita og kunna.

Menntun sjómanna almennt á öllum stigum skólans, markmið náms, hæfniskröfur og starfalýsingar en sérstaklega tiltók hann minnstu bátana vegna breytinga sem gerðar voru á þessu ári varðandi aukin réttindi úr 12 í 15 metra án aukinnar menntunar samkv. reglugerð 944/2020. Félag skipstjórnarmanna lagðist eindregið gegn því að réttindi manna yrðu aukin án aukinnar menntunar og kom því á framfæri á samráðsgátt stjórnvalda. Menntun skipstjórnarmanna á bátum undir 15 metrum verður í framtíðinni 18 eininga nám og verður töluvert lagt í kennslu í siglingafræði, siglingareglum, stöðugleika og fleiri undirstöðu greinum.

Útivistarregla báta undir 15m. PÆ minnti fundarmenn á svo kölluðu 14 klst. útivistarreglu en FS hefur lagt sérstaka áherslu á að henni verði fylgt eftir vegna lagabreytinga um að á bátum undir 15 metrum megi einn og sami maðurinn gegna stöðu skipstjóra og vélstjóri hafi hann til þess tilskilda menntun og siglingatíma. FS skora á yfirvöld að taka í notkun rafrænt eftirlit með öllum skipum og bátum sem heyra undir þennan flokk.

Mönnunarmál fiskeldisbáta og gagnrýnisraddir félagsmanna um að margir þessara báta séu mannaðir útlendingum og sumir ekki með réttindi. PÆ upplýsti að FS hafi átt samtal við Samgöngustofu um málið og svar þeirra er að þeir þyrftu að leita upplýsinga um nöfn þessara báta hjá norsku siglingastofnuninni svo sem um mönnunar- og réttindakröfur, áhafnatryggingar og fl. FS vill stuðla að því að þeir erlendu bátar sem eru hér í þjónust við sjókvíaeldi árið um kring verði skráðir á íslenska skipaskrá og mannaðir í framtíðinni íslendingum.

Í síðustu kjarasamningum hafnsögumanna Faxaflóahafna var ákvæði um viðbótarnám sem er nýtt af nálinni. PÆ rakti samsetningu námsins sem verður mest megnis í hermi Tækniskólans, en skólinn hefur útbúið, að beiðni FS námskeið sem sérstaklega er ætlað hafnsögumönnum – 8 dagar eða 60 klst. en hægt verður að bjóða hafnsögumönnum annara hafna uppá þetta nám ef áhugi er fyrir hendi. Ýmsir möguleikar eru einnig á auknu framboði námskeiða fyrir skipstjórnamenn sem gæti nýst þeim eða jafnvel fyrirlestra sérfræðinga í hinum ýmsu greinum. Skólinn þarf að fylgjast með nýjungum og nálgast atvinnulífið í sjávarútvegi í auknum mæli. Slysavarnaskóli sjómanna hefur einnig aukið framboð sitt á ýmis konar námskeiðum auk hinna hefðbundnu námskeiða sem hafa verið við lýði í gegnum tíðina.

PÆ upplýsti um vinnu félagsins síðan í vor um leit og varðveislu muna og gjafa til gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík sem voru færðir úr skólahúsinu þegar Tækniskólinn tók við starfseminni á sínum tíma. Leitað var til Sjóminjasafnsins á Grandagarði og Árbæjarsafns og fundust nokkrir munir þar en auk þess eru mundir í geymslu í skemmu vestur í bæ á vegum skólans. Hugmyndir eru um að fá varanlegt gott geymsluhúsnæði þar sem hægt verður að koma upp safni í framtíðinni til varðveislu þessara merku hluta og mætti útfæra það á ýmsa vegu. Fyrrum nemendur gætu komið að því með ýmsum hætti en málið er í skoðun og vinnslu.

PÆ fór yfir stöðu mála varðandi íslenska alþjóðlega skipaskrá, fund sem boðaður hefur verið 6 janúar nk. á vegum samgönguráðuneytisins, áform um frumvarp til laga um málið og ályktunina sem FS og VM undirrituðu í sameiningu og sendu frá sér um málið og fór inná samráðsgáttina í sumar. Þar lýstu stéttarfélögin sig meðmælt því að komið verði á fót íslenskri aðþjóðlegri skipaskrá en vanda þarf til verka svo Ísland verði samkeppnisfært á alþjóðavettvangi.

Samgönguráðuneytinu hefur verið bent á að það þekkist óvíska að stærri skip fái að sigla inn á firði og flóa annara landa án lóðsa og jafnframt reifuð sú hugmynd að yfirvöld geri kröfu um að skipum sem sigla hér við land á þessu siglingasvæði séu með lóðsa um borð allan tímann. Það eykur öryggi við siglingar að um borð séu staðkunnugir menn sem tala íslensku, en líka atvinnuskapandi fyrir skipstjórnamenn og ýmis tækifæri sem gætu verið fólgin í þessum breytingum. Á fjarfundi nýlega með ráðuneytinu kom PÆ þessum hugmyndum okkar á framfæri.

PÆ fór lauslega yfir fundi Nordisk Navigatör Kongress í gegnum tíðina, tilgang þeirra og dagskrá síðasta fundar fyrir Covid sem haldinn var í Osló sl.

Funarstjóri bauð fundarmönnum að bera fram spurningar.

Hilmar Snorrason sagði að vinnustaðanám líkt og kom fram varðandi vinnu Starfsgreinarásins að ferilbókinni væri ekki nýtt af nálinni. Hann sagði jafnframt að skólinn ætti að útskrifa nemendur með þessa reynslu að baki samkv. kröfum STCW en hefði ekki gert það ennpá. Hann undraðist það. Hilmar var sammála hugmynd okkar um lóðsaskyldu stærri skipa hér við land og sagði að slíkt gæti veitt eldri skipstjórnamönnum atvinnu.

Liður 5. Árni Sverrisson birti glæru með þeim kjarasamningum sem félagið gerir, þetta eru kjarasamningar fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, flutningaskipum, varðskipum, hafrannsóknaskipum, ferjum, hafnsögubátum, ferðaþjónustuskipum auk þess sem félagið kæmi að ráðningarsamningum með einum eða öðrum hætti hjá flestum skipstjórnarmönnum. Hann sagði Kjarasamninga stærstu eign hvers stéttarfélags, helsta áskorun er að halda í þau réttindi sem í samningunum felast og bæta í við hverja endurnýjun, bæði réttindi og laun. Auk þess gerði félagið stofnanasamninga fyrir stýrimenn og skipherra hjá Landhelgisgæslunni og skipstjórnarmenn hjá Hafrannsóknastofnun. Á árinu 2019 og 2020 væri búið að endurnýja alla kjarasamninga nema fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, beðið væri eftir úrskurði félagsdóms sem væri að vænta fljótlega eftir áramót, þegar hann lægi fyrir verður viðræðum vísað til ríkissáttasemjara. Í janúar nk. er enn fremur á döfinni að hefja viðræður um endurnýjun kjarasamnings skipstjórnarmanna í ferðaþjónustu og stofnanasamnings skipherra hjá LHG.

Liður 6. ÁS birti glæru sem sýnir afkomu Styrktarsjóðs félagsins, þar kemur fram að tekjur ársins 2020 eru þann 24. des orðnar 45 milljónir rúmar, eitthvað á eftir að bætast við, þar sem ekki er búið að bóka allar skilagreinar en eftirtektarvert er að styrkir og sjúkradagpeningar verða minni í ár en undanfarin ár, eða um 25 milljónir en hafa verið undanfarin ár um 43 til 45 milljónir. Á annari glæru kemur fram að aðalástæða lækkunar styrkja eru færri umsóknir og lægri upphæð sjúkradagpeninga, en þeir verða helmingi lægri á árinu 2020 en árin á undan, eða upp. 12 milljónir. Á þriðju glærunni kemur fram að heildariðgjöld í sjóði félagsins verða á pari við undanfarin ár. Félagið stendur vel fjárhagslega, en farið verður betur yfir það á aðalfundi í júní nk.

ÁS greindi frá viðhaldi og endurbótum á húsnæði í eigu félagsins: Á árinu 2020 var byggt nýtt sumarhús í landi félagsins á Snorrastöðum á Laugarvatni, húsið hefur fengið nafnið Ægisból í höfuðið á Ægi heitnum Sveinþórssyni fyrrum starfsmanni félagsins og með tilvísun í hafið (Ægir). Á skrifstofu félagsins á Grensásvegi 13 voru loft og veggir málaðir, sett var nýtt vinyl parkett, ný lýsing og almenn tiltekt. Orlofsíbúð félagsins í Þverholti 30 var máluð og skipt um parkett. Settir voru routerar í allar íbúðir, hnetur teknar úr umferð. Auk þess almennt tilfallandi viðhaldi á sumarhúsum og íbúðum sinnt. Á árinu 2021 verður áframhaldandi viðhaldi íbúða sinnt, auk þess sem skoðað verður hvort íbúðin í Neðstaleiti verður seld eða ráðist í endurbætur á henni. Á Snorrastöðum á Laugarvatni verða tré (aspir) fjarlægðar og tré grisjuð, lokið verður við frágang á lóð með vegi og í kringum nýja bústaðinn Ægisból. Leikaðstaða fyrir börn og fullorðna verður endurbætt. Borið verður á nýja pallinn við Ægisból og yfirferð eftir þörfum á málningu og pöllum á öðrum bústöðum. Í Úlfstaðaskógi verður baðherbergi endurnýjað, baðkar tekið í burtu, sett sturta og hurð út á pall, þannig að hægt verður að fara beint úr sturtu í pott.

Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að bera fram spurningar til starfsmanna undir liðnum önnur mál.

Víðir Benediktsson spurðist fyrir um af hverju nýjasti kjarasamningur væri ekki kominn á heimasíðuna. ÁS sagði að úr því yrði bætt hið bráðasta.

Smári Einarsson spurðist fyrir um aðgengi að router í íbúðum félagsins.

ÁS upplýsti fundarmenn um endurnýjun orlofsíbúða og viðhald þeirra og einnig grisjun trjáa við sumaríbústaðina á Laugarvatni.

Hilmar Snorrasons lýsti yfir ánægju með nafngiftina á nýja bústaðnum á Laugarvatni, gristjun skógarins þar en sagði jafnframt að potturinn í Sæbóli hefði ekki virkað sem skildi þegar hann var þar gestur í haust. Hann lagði jafnframt til að fjármunir yrðu notaðir til að setja sjómannablaðið Viking inná tímarit.is

Kiddo sagði að það angraði sig að geta ekki farið með hundinn sinn í sumarbústaði félagsins, hundurinn skemmir minna en börnin.

ÁS sagði að það mál yrði tekin upp innan stjórnar.

Víðir Ben tók undir með Kiddo og finnst eðlileg að leyft yrði hundahald í tveimur bústöðum til dæmis.

ÁS lagði til að Víðir og Kiddó sendu inn athugasemdir varðandi málið og hvernig mætti útfæra það.

Hilmar tekur undir með þeim Kiddó og Víði varðandi hundamálið.

Heimir Guðbjörnsson minnst á fækkun í áhöfn á ísfisktogurum og spyr ÁB hvort þeir hafi ekkert um það að segja.

ÁB sagði frá því að ein útgerð hefði fækkað á skipum sínum en ekki hefði verið einhugur meðal skipstjórnarmann um það mál. Rökin hefðu hins vegar verið haldlítill og hefði hann rætt þetta við Heiðrúnu Lind framkvæmdastjóra samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi en einnig hefði hann bent á þetta mál í pistlum sínum undanfarið og þá byltingu sem átt hefur sér stað varðandi aðstæður skipstjórnarmanna og samskipti þeirra við útgerðir. Í dag þurfi þeir að fá grænt ljós á hvort þeir megi gera þetta eða hitt en ekki megi gleyma ábyrgð skipstjóra samkvæmt sjómannalögum, undan henni geta þeir aldrei vikist. Skipstjórar eru best til þess fallnir að meta hve margir þurfi að vera í áhöfn skipa sinna. Þetta mál þarf að ræða frekar og fá botn í það.

Heimir sagði að á sínu skipi væri handslaegt og það drægi stórlega úr afköstum þegar fækkað væri í áhöfn. Ef einungis einn maður forfallast um borð vegna veikinda hefur það mikil áhring á afköstin. Heimir minntist einnig á að reglan um 30 klst. inniveru á milli túra hefði breyst með svo kölluðum millilöndunum sem ekki eru í heimahöfn skipsins. Hann spyr hvort sjómenn fái bætt það aukna álag sem þessu veldur.

ÁB sagði það koma til greina að gera nafnlausu rafræna skoðanakönnun meðal sjómanna hvað þeir vilja og fróðlegt væri að heyra útskýringar útgerða varðandi þetta þetta mál.

Árni Rúnar Jóhannsson sagði menn róa miklu minna í dag en áður fyrr og sér ekki þörf á 30 klst. stoppi milli túra. Hann sagði að menn hefðu róið 260 – 300 daga á ári fyrir 15 – 20 árum en í dag róa menn að meðaltali um 150 daga. Hann sagðist ekki hafa heyrt í sínu nærumhverfi að nauðsyn væri á að stoppa milli túra í 30 klst.

ÁB sagði menn segja sér að ekki veiti af þessu stoppi milli túra vegna mikils álags á mönnum um borð þegar vel fiskast.

Heimir benti á að þessar inniverur væru verðmætar mönnum og eðlilegt væri að þeir fengju þær bættar með einhverjum hætti. Skipin fyrir norðan kæmu með að landi mun verðmætari afla en hér fyrir sunnan, þar sem þau veiddu mun meiri þorsk og því væru ekki um sama hlutinn að ræða.

Pálmi Gauti Hjörleifsson sagðist ekki skilja afhverja menn væru svona þreyttir, það væru gríðarleg þægindi án þess að taka 30 klst. inniveru því menn fái að róa eins og þeim sýnist, sumir í eina, tvær eða þrjár vikur. Hann segist ekki sjá neina þörf fyrir að taka svona langa inniveru milli túra. Fáir vilja vera settir í box í eitthvert fast kerfi eins og 30 tíma kerfi. Hlutirnir ganga mjög vel hjá okkur sagði Pálmi. Hann vék síðan að máli Júlíusar Gerimundssonar og taldi að félagið hefði komið illa fram við sinn félagsmann –

skipstjórnann. Pálmi sagðist hafa talað við ASÍ og þar á bæ könnuðust þeir ekki við neitt viðlíka fordæmi. Hann sagðist vilja ræða þetta mál nánar á fundinum og bent á að félagið mætti aldrei taka afstöðu með einum félagsmanni gegn öðrum. Félagið hefði farið yfir ákveðna línu, það hefði verið betra fyrir félagið að bíða með yfirlýsinga, vera á kantinum og aðstoða sinn mann. Það væri ekki eðlilegt að kæra félagsmann og bjóða honum síðan aðstoð.

ÁB fór yfir aðdraganda málsins og stöðuna í dag, sagði frá því að haft hefði verið samband við skipstjóra Júlíusar, honum boðin öll sú aðstoð sem félagið gæti veitt en hann ekki þegið það, heldur kosið að halla sér að útgerðinni.

ÁS fór einnig yfir málið og sagði að mistök hefðu verið gerð í upphafi, ekki hefði verið stjórnarsamþykkt fyrir að fara þá leið sem farin var, deildar meiningar væru innan stjórnar og félagsins. Það hafi verið mistök að málið fór í fjölmiðla. Við starfsmenn áttum allir símtöl við sjómenn varðandi málið en það hefur verið lagt upp á versta veg gagnvart félaginu. Skipstj. var boðin öll sú aðstoð sem mögulegt var. Það eru hagsmundir skipstjórans að fá fram sannleikann í málinu.

Pálmi sagði að félagið skuldi öllum félagsmönnum afsökunarbeiðni. Stóra málið er hvað félagið ákvað að gera. Sannleikurinn hefði alltaf komið í ljós síðar meir.

Ariel Pétursson bað um orðið og sagði það sér hugleikið að orðstýr sé hafður í heiðri, málið sé gríðarlegur álitshnekkir fyrir stéttina. FS hefði ekki haft um neitt annað að velja en þá leið sem farin var til að komast að sannleikanum í málinu og það hefði verið mikilvægt að sjópróf heffæru framðu farið fram.

Nokkur umræða skapaðist og voru menn með misjafna sýn á málið. Kom meðal annars fram hjá Pálma að ekki hefði verið rétt hjá lögfræðingi félagsins að tala með þeim hætti sem hann gerði eftir sjóprófin og FS hefði ekki andmælt því sem hann sagði. Lögfræðingur FS var með skítkast úti okkur sagði Pálmi ennfremur, þessu andmælir FS ekki. Með þessu er FS að samþykkja það sem lögfræðingurinn sagði, að ef menn veikjast þá eiga þeir á hættu að verða reknir. Skrif félagsins er oft pot í skipstjóra, nefndi hann Mannlíf í því sambandi. Ég ætlast til að félagið mitt verji mig, verði mér innan handar ef eitthvað kemur fyrir mig sagði Pálmi.

ÁB sagði að lögfræðingurinn væri ekki bara fyrir okkar félag, heldur fyrir öll stéttarfélögin. Lögfræðingurinn var nýkominn úr sjóprófum og það sem hann sagði stóð í sjóprófunum. Þessi lögfræðingur er búinn að verja sjómenn í 15 ár. ÁB sagði að hafandi lesið sjóðprófin, þá trúir hann ekki að skipstj. hafi gert þetta upp á sitt einstæmi. Svakaleg lestning. Það sem gerðist þarna um borð á sér engin fordæmi.

Kiddó sagðist sammála Ariel og Pálma. Rétt að við stóðum að því að þetta yrði skoðað í sjóprófi en ekki rétt að styrja lögreglukæru gagnvart skipstjóranum. Lögreglukæran hefði átt að vera annara að sjá um.

Jonni sagði að það hefði ekki verið rétt ákvörðun af félaginu að kæra, auðvitað þarf að rannsaka þetta mál, það er hinsvegar ekki okkar hlutverk að kæra lögbrot skipstjóra sagði hann. Hins vegar gera skipstjórar ekki stóra hluti án þess að ráðfæra sig við útgerðina. Skipstjórar eru ekki eins sjálfstæðir og áður. Ef við gerðum einhverja mistökum þá þurfum við að læra af þeim. Þetta er búið og gert.

Sigþór Kjartansson sagðist hafa samúð með áhöfninni, síst skipstjóranum. Dettur ekki í hug að skipstjórinn hafi stjórnað þessu öllu. Fordæmalaust ástand. Með ólíkindum að stjórnin hafi ekki verið

kölluð saman áður en þessi ákvörðun var tekin. Það sem lögfræðingurinn sagði í viðtalinu er ekki hægt að yfirfæra það yfir á öll skip. Sjómenn harka af sér en það er ekki svo að menn séu reknir ef þeir verða veikir. Það hefur verið haldið illa á þessu máli, harma að skipstjórinn hafi verið kærður. Þurfum að bæta ákvörðunartökum í svona stórum málum.

ÁS. Minnti á að FS væri með samning við Jónas lögfræðing og pabba hans, félagið getur leitað til hans með alls konar mál. Hann er ekki lögfræðingur FS heldur sjálfstætt starfandi lögfræðingur sem félagið er með samning við. Hann ber ábyrgð á þeim orðum sem hann segir.

Árni Rúnar sagði að af því að þetta eru fordæmalausir tímar, hefði félagið átt að bíða. ÁB hefði hlaupið fullhratt þegar þessi ákvörðun var tekin.

Pálmi sagði alvarlegt að FS skildi ekki mótmæla því sem lögfræðingurinn sagði, það lítur mjög illa út fyrir skipstjórnamenn, málið er alvarlegt.

Fundarstjóri tók þá til máls og sagði að menn kæmust ekki lengra með þetta mál að sinni og beindi orðum sínum til formanns félagsins. Hann þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn, óskaði þeim og öllum félagsmönnum gleðilegs nýs árs og sleit fundi..